

Fundargerðir foreldrafélagsins

Stjórnarfundur foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

4. október 2017

Bekkjjarfulltrúar fyrir skólaárið 2017-2018 eru eftirfarandi:

- 6 ára stúlkur: Margrét G. Thoroddsen, móðir Vöku Margrétar
- 6 ára drengir: Ragnar Þór Reynisson, faðir Jóels Inga
- 7 ára stúlkur: Sólveig Harpa, móðir Elvýjar Elenóru
- 7 ára drengir: Berglind Ýr Karlsdóttir, móðir Stefnis
- 8 ára stúlkur: Sólveig Hlín, móðir Matthildar
- 8 ára drengir: Birkir Marteinnsson, faðir Sigurðar Braga
- 9 ára stúlkur: Vilhjálmur faðir Huldu Valgerðar
- 9 ára drengir: Stefán og Hrafnhildur, foreldrar Róberts Bjarma

Kosning í nýja stórn

Berglind Ýr Karlsdóttir, formaður. berglindyk@gmail.com

Vilhjálmur Þór Sigurjónsson, ritari.villithorsig@gmail.com

Stefán Helgi Stefánsson, gjaldkeri. stefanhelgi@gmail.com

Fulltrúar í skólaráði: Sólveig Harpa, Margrét G.

Fulltrúar í foreldraráði Hafnarfjarðar (samráðsvettvangur grunnskóla Hafnarfjarðar):
Ragnar Þór, Birkir.

Undirbúningur vorferðar næsta ár.

- Helsta verkefni foreldrafélagsins er að safna fé upp í hlut foreldra í vorferð barnanna.
- Þetta árið verður hlutur per barn 20.000 í ferðinni (u.þ.b.). Miðað við 85 nemendur er það 1.7 milljón.
- Einhver upphæð er inni á reikningi foreldrafélagsins (um 500 þúsund) en kann að vera að óuppgerðar séu um 180 þúsund. Á eftir að fara betur yfir það með skólastjóra, áður en verður skilað til nýs gjaldkera.
- Þarf að varast að hafa of marga fjáröflunarviðburði. Þarf að velja vel.
 - *kortin fyrir jólin. Þarf að fara að fara af stað og teikna myndir.
 - *kaffihúsin. Reyna að hafa í byrjun mánaðar frekar en lok.
 - *spilakvöld eða annað? Pizzusala?
 - *Atlantsolíulykill. Atlantsolía kemur með pylsuvagn á vorhátíð.
 - *Sækja um umhverfisvaktina eftir áramót? Athuga með Víðistaðatún? Eru nemendur BSK of ungir til að standa í þessu?
 - *Athuga með bingókvöld / uppboð á vorönn. Eða happdrættismiða? Sá kjarni sem selur mest fær happdrættismiða? Lykilatriði að fá sem flesta foreldra með svo hægt sé að framkvæma án þess að verði allt of mikil vinna fyrir stjórnina.

Samskiptaform

- Notum sama form og í fyrra, að formaður setji inn á FB síðu hópsins eftir fund það sem þarf að koma áfram til kjarna. Kjarnafulltrúar sjái svo um að koma skilaboðum til síns kjarna (nota kjarnasíður).
- Formaður boðar fund á FB síðu hópsins. Miðað við miðvikudaga á 5-6 vikna fresti eða eftir þörfum.
- Ef mikið liggur við, biðja Hildi um að senda póst.

Til minnis:

- Birta þarf fundargerðir á FB síðu félagsins og senda afrit til Hildar skólastjóra eftir fund.
- Ræða við Hildi um að koma ábendingu til kennara að myndir á tækifæriskort þurfi ekki að vera jólamyndir.
- Hvetja foreldra til að virkja Atlantsolíulykilinn.
- Finna út úr því hvernig er látið vita hver er í foreldraráði.
- Foreldrafélagið borgar jólaleikrit. Þarf ekki að gera neitt nema greiða.
- Skólamyndataka er á vegum foreldrafélagsins, þ.e. félagið pantar en ljósmyndarinn sér um að taka pantanir.

Á haustönn þarf að:

Loka bókhaldi síðusta árs og koma til nýrrar stjórnar.

Finna smá pistil um fjáröflun vetrarins og hvað er í vændum. Kynna Atlantsolíulykil á kjarnasíðum. Gera það fljótlega eftir þennan fund. BÝK sér um.

Koma kortum af stað – póstur til Hildar. Kort þurfa að fara í prentun í kring um 20. nóvember. Afhending í byrjun desember. Setja fljótlega inn texta um að fara að undirstinga fjölskylduna. BÝK sér um.

Kaffihús fyrir 6-7 ára í byrjun nóvember (ekki síðar en miðjan) – spyrja Hildi um heppilega dagsetningu. Þegar dagsetning er komin má miða við að hittast í vikunni fyrir upp á skipulag. BÝK sér um.

Vorönn:

Má skipuleggja það í byrjun janúar.

Kaffihús fyrir 8-9 ára

Spilakvöld (pizzasala) – happadrætti?

Fundargerð 14.nóv 2016

Aðalfundur 19. september 2013

Sigríður Arnardóttir skrifaði þann 15. október 2013 kl. 18:36

Aðalfundur Foreldrafélags BSK 19. september 2013

Haldinn í húsnæði Barnaskólans við Hjallabraut

Fundur settur kl. 18.15

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla gjaldkera (uppgjör)
3. Helstu fjáröflunarleiðir
4. Önnur mál
5. Kosning stjórnar

1. Skýrsla stjórnar

Starfssemiveturinn 2012-2013

Síðastliðinvetur sátu í stjórn félagsins:

Sifog síðan Erna (6 ára stúlkur), Hanna (6 ára drengir),

Sirryog Berglind (7 ára stúlkur), Hjördís og Hilla (7 ára drengir),

Ásta(8 ára stúlkur), Nína (8 ára drengir),

Arna(9 ára stúlkur) og Ragga (9 ára drengir).

1.Keypt var píanó í samvinnu við skólann sem borgaði helminginn á mótiforeldrafélaginu. Þá keypti foreldrafélagið smærri hljóðfæri til að nota ítónlistarlotum. Að lokum greiddi foreldrafélagið 120 þús. í skjávarpa á móti 35þús. frá Barnaskólanum sem síðan settur var upp með foreldraframlagi.

2.Ákveðið var að fresta jólaföndri sem venjulega er í desember fram ífebrúar en á síðasta aðalfundi koma fram að foreldrum þótti nóg um álagið á þessum tíma þó þetta bættist ekki við. Febrúar föndrið breyttist síðan í pop-up kaffihús og nánar verður vikið að því síðar.

3.Jólaleikritið Jól í tösku var sýnt. Í vetur verður það skoðað í samvinnu viðskólastjórnendur að sýna nýtt leikrit.

4.Fjölgun í bekkjum, 5. bekkur og húsnæðisgjald. Þessi mál voru skoðuð og fundaðvar með Áslaugu Huldu framkvæmdarstjóra Hjallastefnunnar og Hildi Sæbjörguskólastjóra. Þar kom fram að húsnæðisgjaldið er komið til að vera, ekki erfyrirsjáanlegt að

5.bekkur verði að veruleika á næstunni né fjölgun í bekkjum eins og kom frá íbréfi frá Áslaugu þann 17/9 2013.5. Skólamyndataka. Í ár skipt umljósmyndastofu og fengum við Ljósmyndastofu Garðabæjar til að mynda. Að þessusinni voru einungis teknar hópmyndir. Til greina kemur að taka hópmyndir á hverju ári og einstaklingsmyndir annaðhvert ár.

6.Guðrúnu Ágústu bæjarstjóra Hafnarfjarðar og Magnúsi Baldurssyni, sviðstjóraSkólaskrifstofu var boðið í heimsókn á vormánuðum og skoðuðu pauskólastarfið.

7.Foreldrarölt hófst í samstarfi við Víðistaðaskóla.

Fundur stjórnar Foreldrafélagsins 12. september2013 á Súfistanum

Boðaðar voru:

Sirry Ásta Hilla Hjördís Berglind Nína Hanna

Mættar : Sirry, Ásta og Hilla

Dagskrá fundar

1. Undirbúningur aðalfundar

2. Önnur mál

1. Fórum yfir ársskýrslu stjórnar og hvað ætti að koma fram í henni.

Gjaldkeri leggur fram sína skýrslu á eftir ársskýrslu stjórnar.

Endum á kosningu stjórnar.

2. Ræddum um að minna á fundargerðirnar með tölvupósti og/eða sms frá skólastjóra.

Foreldraröltið, hvernig verður framhaldið? Var eitthvað laust í reipunum, ekki nógu góðar upplýsingar frá Víðó. Fórum einu sinni, en fengum mjög stuttan fyrirvara og því ekki margir sem mættu. Hvernig viljum við hafa þetta? Ræða þetta frekar á aðalfundinum og kynna þetta fyrir foreldrum.

Fórum aðeins yfirskóladagatalið, í sambandi við dag Tónlistarskólanna og fl. Virðist hafaheppnast vel að samstilla frí, við aðra skóla sveitarfélagsins.

Bekkjartengla vantar fyrir 6 ára stúlku og drengi, 7 ára stúlkur.

Fundi slitið

Fundur 3 í foreldrafélaginu – 25. nóvember 2013

Mættir: Agnes, Ásta, Elín, Hanna, Hildur, Jónína, María, Sigríður og Þórhildur,

Dagskrá fundar:

1. Fjáraflanir - uppgjör
2. Foreldrarölt
3. Húsnæðisgjald
4. Korta innpakkanir
5. Önnur mál

1. Fjárafilanir – uppgjör

Kortin eru farin í prentun – verða 4.600 kort sem er 1600 meira en í fyrra.

Hagnaður á kaffihúsinu var 145 þúsund.

Næsta kaffihús verður 12. febrúar - athuga við Hildi.

Umhverfissvaktin er samtals kr. 80 þúsund samtals f. tvö skipti.

Páskabingó 9. apríl.

Tala við foreldri sem áður hefur skipulagt bingó um það hvernig þau gerðu þetta, þ.e. spjöld, salur o.fl.

2. Foreldrarölt

Það fóru 6 þegar við áttum föstudagskvöld. Mjög góður árangur og tekið á nokkrum málum. 8-9 ára kjarnar eiga föstudagskvöldið 4. apríl. Fulltrúar foreldrafélagsins fóru á fund með forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðar, sálfræðingi, Götuvitanum og svo komu meðlimir allra foreldrafélaga í Hafnarfirði. Það var léleg mæting frá skólum. Fulltrúar okkar stungu upp á því að röлта á laugardögum og það var vel tekið í það en þarf að útfæra betur, t.d. með facebook síðu. Það yrði fyrst og fremst rölt um miðbæjinn. Forvarnarfulltrúi ætlar að móta það hvernig þetta verður auglýst og útfært. Foreldrar frá Bsk. Hjallst. H.fj. fóru síðasta laugardagskvöld. Þetta virðist hins vegar mjög þungt í vöfum hjá bænum svo hugmynd er að Bsk Hjallast. í Hfj. sjái um þetta á meðan.

3. Húsnæðisgjald

Innt hefur verið eftir því við skólastýru að fá fund með framkvæmdarstjóra Hjallastefnunar.. Líklegast mun verða sent bréf á alla foreldra frá framkvæmdarstjóranum þar sem húsnæðisgjaldið verður nánar útskýrt.

Hvetjum foreldra til að ræða þessi mál við þá aðila sem eru að gefa kost á sér í sveitarstjórnarkosningnum í vor.

4. Korta innpakkanir

Stefnum á að pakka kortunum fimmtudaginn 5. Desember.

5. Önnur mál

Margir æstir í fjáraflanir. Linkar til að senda vörur. Ákváðum að halda okkur við fjáraflanir sem stuðla að samveru og að gera saman.

Ákveðið að hafa nýtt jólaleikrit.

Ekki búið að hafa tíma til að kaupa gjöfina frá okkur, þ.e. spil og tölva.

Muna eftir að fylgjast með auglýsingum um umhverfsvaktina.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 22:15

Fundur foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunar í Hafnarfirði skólaárið 2013-2014.

14. október 2013

Mættar: Ásta, Elín Margrét, Hanna, Hildur Brynja, Jónína, Sif, Sigríður, Valdís, Valgerður, Þórhildur.

Kosið var í embætti stjórnar fyrir veturinn eftirfarandi aðilar buðu sig fram og voru kosnir:

a. Formaður – Ásta

- b. Varaformaður – Jónína
- c. Gjaldkeri – Þórhildur
- d. Ritari – Elín Margrét
- e. Skólaráð – Þórhildur og Sigríður
- f. Foreldraráð – Þórhildur og Ásta

Fjáraflanir

- a. Tækifæriskort: Það er byrjað í bekkjunum að teikna myndir á kort. Markmið að klára þetta um miðjan nóvember.
- b. Umhverfisvaktin: Er búin þetta árið – erum bara að bíða eftir greiðslunni. Þarf að sækja um næsta vor, fylgjast með auglýsingum um þetta. Áttum svæði 1 síðasta vetur.
- c. Kaffihús: Þarf 3 klukkutíma til að undirbúa, verður einnig að virkja fleiri foreldra, það er ekki nóg að foreldrafélagið sjái bara um þetta. Verður tvískipt og hver aldur fær klukkutíma. 6-7 ára fyrir áramót og 8-9 ára eftir áramót. Hafa pönnukökur og súkkulaðikökur í muffinsformi. Verður leitað til foreldra eldri barna að hjálpa til fyrir áramót og svo öfugt eftir áramót. Sama að segja um þá sem eru í stjórn foreldrafélagsins, þ.e. þeir sem eiga börn á kaffihúsi fá að taka þátt í sínu á meðan þeir sem eiga ekki börn taka að sér eldhúsið og því sem gerist á bakvið tjöldin. Viljum hafa fyrra kaffihúsið um miðjan nóvember og það síðara um miðjan febrúar.
- d. Atlantsolía: Samningur hefur verið endurnýjaður. Þetta er samt fjáröflun sem gæti gefið mun meira af sér, er í raun ótrúlegt að við höfum haldið samningnum. Verður einnig að athuga að þeir skaffa pylsur og drykki ásamt pylsuvagninum fyrir vorhátíðina og það er í raun bara fjáröflun fyrir foreldrafélagið.
- e. Páskabingó: Myndum vilja halda það í byrjun apríl.

Foreldrarölt: Annars vegar 8. nóvember (yngri) og hins vegar 4. apríl (eldri), rölt um Norðurbæ Hafnarfjarðar. Verður að hvetja sem flesta foreldra að mæta. Mætt í Víðistaðaskóla og rölt í 2 tíma.

Jólaleikritið: Hefur alltaf verið jól í tösku. Hugmyndir hjá skólanum að breyta til. Þarf að ræða þetta við Hildi skólastýru. Skólinn sér um þetta en foreldrafélagið borgar bara. Foreldrafélagið hefur aldrei skipt sér af því hvaða leikrit hefur verið valið.

Skólamyndataka. Spurning hvort við viljum bæta við einstaklings-myndum í vor.

Hvað skal kaupa og gefa skólanum. Var komin hugmynd um að gefa námsspil. Ákveðið að gefa skólanum kr. 180 þúsund til tölvukaupa og í námsspil.

Kom ábending frá foreldri að það gæti verið sniðugt að gefa skólanum videómyndavélar. Hins vegar gaf foreldrafélagið tvær slíkar fyrir nokkrum árum.

Það var ekki tilkynnt um verðskrárhækkunina hjá Barnaskólanum í vor, alla vega fór það fram hjá okkur öllum. Er ekki skylda að tilkynna?

Verður að vera á hreinu sem fyrst hvað vorferðin kostar og hvað foreldrar koma til með að borga mikið.

Vetrarfrísdegi eftir áramót hefur verið breytt það verður fimmtudagurinn 27. febrúar í staðinn fyrir föstudagurinn 21. febrúar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 22:50

Fundur hjá Foreldrafélagi BSK Hafnarfirði

29. október 2012

Mættir: Ásta, Arna, Hilla, Hjördís, Berglind, Nína, Hanna, Sif, Sirrý og Ragga

Dagskrá

1. Námskeið fyrir stjórnir foreldrafélaga í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra í skólaráðum og fulltrúa í foreldraráði Hafnarfjarðar.
2. Önnur mál.

1. Æskilegt er að allir í stjórn foreldrafélagi mæti á námskeiðið ásamt fulltrúum í skólaráði og foreldraráði. Unninn undirbúningur fyrir námskeiðið með því að fara yfir spurningalista og svörin verða flutt á námskeiðinu.

2. Önnur mál

Geir forvarnarfulltrúi og lögreglan hafa boðað til kynningarfundar þann 19. nóvember kl. 16. Sirrý og Nína verða okkar fulltrúar á fundinum.

Fundi slitið.

Fundur hjá Foreldrafélagi BSK Hafnarfirði

8. október 2012

Mættir: Hilla, Ragga, Berlind, Sirrý, Sif, Arna, Nína, Hjördís og Ásta.

Tilkynnt forföll: Hanna Þóra.

Dagskrá

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Dagskrá vetrarins
3. Facebook-síða
4. Fjáraflanir vegna vorferða
5. 5. bekkur / miðstig
6. Kaup fyrir skólann
7. Húsnæðisgjald
8. Skólafatnaður
9. Heimsókn bæjarstjóra
10. Foreldrarölt
11. Skóladagatal
12. Önnur mál

1. Kosning á formanni, ritara, gjaldkera, fulltrúa í foreldraráð, skólaráð og umsjón með tölvupósti og Facebook.

Formaður: Ásta, ritari: Ragga, gjaldkeri: Hilla, varaformaður: Arna, fulltrúar í foreldraráð: Ásta og Arna, fulltrúar í skólaráð: Hilla og Sirrý, varamenn í skólaráði: Hjördís og Jónína, umsjón með tölvupósti og Facebook: Ásta og Berglind.

2. Dagskrá vetrarins: jólaleikrit, föndur.

Jól í tösku verður áfram. Föndri frestað fram í febrúar – hið árlega febrúarföndur.

3. Facebooksíða

Ákveðið að búa til Facebook-síðu í nafni foreldrafélagsins til að setja inn tilkynningar, fundargerðir og fleira. Þetta er like-síða og foreldrum verður sendur póstur um þetta.

4. Fjáraflanir v/vorferða

Ákveðið að halda áfram samstarfi við Atlantsólú og Endurvinnsluna en aðeins er hægt að fara með flöskur og dósir í Knarrarvog 4 í Reykjavík. Þarf að segja nafn skóla eða kennitölu og þá er peningurinn lagður inn á reikning foreldrafélagsins.

Áhugi fyrir að kaupa segla til að selja, með Lífsspeki Hjallastefnunnar, gefa út skólablað og/eða tækifæriskort til að selja í samvinnu við skólann (athuga samnig við Odda). Tala við Hildi um framkvæmd. Foreldrafélagsmeðlimir geta séð um pantanir og talað við alla á sínum

kjarna – einnig um AO-lykil og fleira. Fá að setja í lestrarvasa. Ákveðið að geyma vorhreinsunardag þangað til næsta skólavetur.

5. Miðstig/5. bekkur

Á aðalfundi var mikill áhugi á að fá miðstigið í Hafnarfjörðinn. Gera skoðunarkönnun um áhuga foreldra um 5. bekk/miðstig. Fá fund með stjórn Hjallastefnunnar og kanna áhuga. Arna ætlar að taka að sér að skipuleggja fund.

6. Kaup fyrir skólann

Ákveðið að kaupa skjávarpa fyrir skólann. Foreldrar ætla að hjálpa til við val og uppsetningu.

7. Húsnæðisgjald

Fram kom á aðalfundi að margir foreldrar eru ósáttir við húsnæðisgjaldið og ósáttir við að Hafnarfjarðarbær greiði ekki 100% með hverju barni heldur nýti sér ákvæði um að samkvæmt lögum þurfi sveitarfélögin ekki að borga nema 75% framlag með hverju barni í einkareknum skóla. Athuga hvort þetta standist stjórnarskrá. Ræða þessi mál á fundi með Hjallastefnu og athuga með systkinaafslátt.

8. Skólafatnaður

Skólafötin léleg og oft strax komin göt á þau. Skoða hvort efnin séu nógu góð, eru gerviefni nógu góð fyrir börnin? Skólafötin eiga að endast lengur. Taka upp á fundi við Hjallastefnuna.

9. Heimsókn bæjarstjóra

Bjóða bæjarstjóra, núverandi og fyrrverandi, formanni fræðsluráðs og fræðslustjóra í heimsókn og jafnvel öllum oddvitum flokkana. Einhvern dag í haust klukkan níu. Bjóða upp á kaffi og meðlæti.

10. Skipulag foreldrarölsins

Búið er að tala við Magnús formann foreldrafélags Víðistaðaskóla og honum líst frábærlega á að hafa okkur með. Fundur bráðlega og við verðum láta vita. Hver árgangur verður með einn föstudag í vetur. Gott forvarnargildi og skemmtileg útivera.

11. Skóladagatal

Fulltrúar í skólaráði þurfa að samþykkja skóladagatal. BSK í Hafnarfirði hefur ekki verið með dagatal sem samræmist skipulagsdögum í öðrum skólum í Hafnarfirði sem er óásættanlegt. Hilla og Sirrý, fulltrúar í skólaráði, ætla að vinna í að þessu sé breytt.

12. Engin önnur mál.

Fundi slitið.

Aðalfundur Foreldrafélags BSK í Hafnarfirði

26. september 2012

Fundinum var frestað til 26. september vegna fræðslufundar á vegum Hjallastefnunnar þann 12. september.

Dagskrá:

Skýrsla stjórnar

Skýrsla gjaldkera

Kosning stjórnar

Fjáröflun

Foreldrarölt

Önnur mál

Fundur settur.

Arna Friðriksdóttir formaður las upp skýrslu stjórnar.

Starfsemi foreldrafélagsins veturinn 2011-2012:

1. Stofnuð kennitala foreldrafélagsins. Nýja kennitalan er: 711011-2180 (foreldrafélag BSK við Hjallabraut hafði fram að því starfað undir kennitölu Foreldrafélags leikskólans Hjalla).
2. Keyptar saumavélar og vídeóupptökuvélar fyrir skólann.
3. Í tilefni af nýju skólahúsnaði var kennurum færð þakklætisgjöf fyrir óbilandi þrautseigju við að láta skólastarfið ganga eins snuðrulaust og hægt var við óvenjulegar aðstæður fyrstu vikur skólaársins.
4. Jólaföndur var miðvikudaginn 7. desember kl. 17, málaðar piparkökur og boðið upp á kókomjólk, kaffi og konfekt.
5. Jólaleikrit: Jól í tösku.
6. Samið við Atlantsólú um fjáröflun fyrir vorferðasjóð (fáir skráðu AO lykil, lítill ávinningur).
7. Sótt um til skólaskrifstofu að stækka skólann í samvinnu við BSK og Hjallastefnuna. Óskað var eftir að fjölga plássum í árgöngum og /eða bæta við 5. bekk frá og með haustinu 2012. Þessari umsókn var synjað (talsverð vinna í kringum þessa umsókn-t.d. fundur með fulltrúum Hjallastefnunnar, bæjarstjóra).
8. Unnið að því að fá kennslu frá forskóla Tónlistarskóla Hfj í BSK Hfj veturinn 2012-2013.
9. Milliliður í skólamyndatöku.
10. Bæjarstjóra, formanni fræðsluráðs og fræðslustjóra boðið í heimsókn í nýtt skólahúsnaði, en komust ekki.
11. Vorhátíð við skólaslit: pylsubíll frá Atlantsólú, atriði frá Sirkus Íslands og Söru Dögg, fráfarandi skólastýru, gefið þakklætis- og kveðjugjöf.
12. Keypt rafmagnspíanó og stendur til að kaupa fleiri hljóðfæri.

Þórhildur Höskuldsdóttir gjaldkeri fór yfir skýrslu gjaldkeri.

Innborganir

Útborganir

Staða haust 2011	243326
Innborganir foreldra í foreldrasjóð	327265
Aðalfundur 2011 (kaffi og meðlæti)	7853
Kaffi við opnun nýs skólahúsnaðis	12471
Glaðningur til starfsfólks	16342
Saumavélar (2 stk)	119800
Jólaleikrit	26000
Jólafondur (piparkökur, drykkir og föndurefni)	25710
Kennitöluskpti félagsins	5000
Vorhátíð/skólaslit	60000
Myndarammar með ljósmyndum af kjörnum	12720
Kveðjugjöf til Söru Daggar	15500
Píanó (hluti foreldrafélags)	76495
	570591
	377891
Inneign á banka 26.09.2012	192700

Kosning stjórnar

Í stjórn síðasta skólaárs voru: Arna, Ragnhildur, Jónína, Ásta, Þórhildur, Hjördís, Berglind, Úlfur, Sigríður og Jökull. Úlfur og Jökull hætta í félaginu og er þeim þakkað fyrir vel unnin störf. Aðrir gáfu kost á sér áfram.

Ragnhildur (9 ára drengir), Arna (nú ára stúlkur), Jónína (átta ára drengir), Ásta (8 ára stúlkur), Þórhildur (7 ára drengir), Hjördís (7 ára drengir), Berglind (7 ára stúlkur) og Sigríður (7 ára stúlkur) gáfu allar kost á sér áfram. Á fundinum buðu sig fram þær Sif Árnadóttir (6 ára stúlkur) og Hanna Þóra Lúðvíksdóttir (6 ára drengir) og voru þær kosnar með lófataki.

Umræða um fjáraflanir

Foreldrar eru tilbúnir til að taka þátt í einhverskonar fjáröflun til að standa straum af kostnaði við vorferðalag barnanna. Þeim lýst vel á að við fáum skólann í lið með okkur við gerð skólablaðs og tækifæriskorta. Einnig er vilji til að halda áfram samstarfinu við Atlantsolíu sem er tilbúin að hækka afsláttinn okkar af bensíni í 5 krónur af hverjum lítra ásamt því sem 1 króna af hverjum lítra rennur í vorferðasjóð. Þeir munu áfram borga 800 krónur fyrir hvern nýjan lykil sem skráir sig og 400 krónur fyrir lykla sem fólk hefur átt áður en tengir við okkar fjáröflun. Foreldrar eru hvattir til að panta sér lykla og láta tengja gömlu lyklna sína ásamt því að láta ömmur, afa, vini og ættingja vita sem geta einnig skráð sig.

Sú hugmynd var borin upp hvort við ættum að halda vorhreinsunar dag líkt og gert er í BSK í Garðabæ. Kjarnarnir skipta þá með sér fjáröflunum eins og bílaþvotti, pylsusölu, kaffisölu, kökusölu, hárgreiðslu-sölu, andlitsmálun, dósasöfnum og fleiru sem kjarnarnir koma með hugmyndir um og veitt gæti krónum í kassann. Fundurinn var jákvæður, ekki ákveðið af eða á.

Foreldri sagði fundarmönnum frá netsöfnun.is en þar er hægt að velja úr fjölda vörutegunda til að selja. Bíómiðar eru t.d. vinsælir. Ákveðið að skoða þetta.

Foreldrafélagið er með reikning hjá Endurvinnslunni og þangað geta foreldrar lagt inn flöskur og dósir sem fer þá beint inn á vorferðasjóð. Bent á að Endurvinnslan væri einnig á Völlunum og það á að skoða.

Foreldrarölt

Barnaskóli Hjallastefnunnar ætlar að vera með í foreldraröltinu í vetur og rölta með Víðistaðaskóla. Þórhildur verður í sambandi við fulltrúa frá Víðistaðaskóla og svo verður skipt niður á árgangana hverjir eiga að mæta.

Önnur mál

Tilkynningar

Fundargerðir foreldrafélagsins eru á heimasíðu, látið vita af því. Spurt hvort frekar ætti að senda tilkynningar með tölvupósti eða í gegnum Facebook. Fundurinn telur að við ættum að gera bæði. Jafnvel fá að setja sumt í lestrarvasa og senda sms. Ákveðið að fara í átak í gegnum e-mail til að fólk like-i Facebook-síðuna. Foreldrar gætu komið með fyrirspurnir á Facebook.

Jólafundur

Spurt hvort ætti að breyta því og gera eitthvað allt annað, létta á fjölskyldunum í desember. Samþykkt að færa föndurkvöld með fjölskyldunni og hafa það kósíföndurkvöld í janúar eða febrúar.

Fyrirspurn hvort eitthvað væri að fréttu af 5. bekk

Arna gerði grein fyrir þeirri vinnu frá síðasta vetri. Las bréfið sem Magga Pála sendi okkur í fyrra um að ekki væri ráðgert að setja 5. bekk í Hafnarfjörð á næstunni. Foreldrar ósáttir. Foreldrar vilja að þetta verði skoðað aftur fljótlega. Foreldrafélagið kanni áhugann hjá 9 ára árgangnum og jafnvel í öllum bekkjum með netskoðunarkönnun. Kanni svo áhuga hjá Hjallastefnunni.

Húsnæðisgjald

Sumum foreldrum finnst 12.500 króna húsnæðisgreiðslan fyrir hvert barn mjög ósanngjörn og megi detta niður sérstaklega þegar Hjallastefnan skilar 90 milljóna króna hagnaði. Foreldrar vilja skora á bæjaryfirvöld að borga 100% með hverju barni, annars vegar. Hins vegar að þrýsta á Hjallastefnuna að leggja þetta húsnæðisgjald niður.

Starfsdagar

Umræða um starfsdaga en bent var á að starfsdagar í skólanum eru oft á skjön við leikskólann og aðra skóla í bænum. Skora á skólann að samræma þessa daga. Fulltrúum í skólaráði falið að skoða hvort skólinn og leikskólinn eru með sömu starfsdaga.

Fundarboð

Muna að hafa heimilisfang með fundarboði á aðalfund en það vantaði núna.

Fundi slitið.

Fundargerð Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

29. ágúst 2012

Mættar eru : Berglind, Nína, Hilla, Sigríður, Hjördís, Ragga og Arna.

Dagskrá

1. Undirbúningur aðalfundar
2. Kaup fyrir skólann
3. Önnur mál

1.

- Ákveðið að halda aðalfundinn 12. september kl. 21 í húsnæði Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.
- Ragnhildur, Arna Jónína, Ásta, Þórhildur, Hjördís Berglind og Sigríður gefa allar kost á sér áfram. Kjósa þarf fulltrúa foreldra sex ára drengja og stúlkna.
- Arna tilkynnti að hún gæfi ekki kost á sér sem formaður áfram.
- Formaður þarf að gera skýrslu fyrir aðalfund um síðasta starfsár og flytja á fundinum.
- Gjaldkeri þarf að gera skýrslu fyrir aðalfund um síðasta starfsár og flytja á fundinum.

Dagskrá aðalfundar:

Fundur settur

Skýrsla stjórnar

Skýrsla gjaldkera

Kosning stjórnar

Umræða um fjáraflanir

-skólablað

-tækifæriskort

-Atlantsolía

-ættleiða svæði til að hreinsa

-vorhreinsun: bílapvottur, pylsusala, kaffisala, kökusala, hárgreiðslur, andlitsmálun, safna dósum og fleira.

Foreldrarölt

Önnur mál

2. Ákveðið að kaupa rafmagnspíanó fyrir skólann á 150 þúsund, Hjallastefnan tekur þátt í kostnaði og borgar helming. Einnig ákveðið að kaupa hljóðfæri eins og litlar trommur, hristur og slíkt.

3. Önnur mál

Þar sem bæjarstjóri og fylgdarlið komust ekki í heimsókn í skólann í vor þá langar okkur að bjóða núverandi og þáverandi bæjarstjóra, ásamt fræðslustjóra og formanni fræðsluráðs í heimsókn í skólann nú í haust. Ætlum að reynda að finna tíma sem hentar þeim og bjóða upp á smá veitingar.

Fundi slitið.

Fundur Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

10. maí 2012

Mættir: Arna, Þórhildur, Sigríður, Ásta, Ragnhildur og Berglind.

Dagskrá:

1. Myndatökur
2. Vorhátíð
3. Fjölgun nemenda og 5. bekkur
4. Þjóða bæjarstjóra og co í heimsókn
5. Önnur mál

1. Ákveðið að hafa bekkjarmyndatökur árlega en foreldrar geta ráðið hvort þeir kaupa myndir eða ekki. Við gefum skólanum innrammaðar myndir af hverjum kjarna á vorhátíð.

2. Ákveðið að hafa Sirkus á vorhátíð. Atlantsolía sér um pylsupartí sem er hluti af fjáröflunarsamningnum sem við gerðum. Kaupa ramma fyrir bekkjamyndir og kveðjugjöf fyrir Söru Dögg.

3. Kanna hjá Hjallastefnu og bæjaryfirvöldum hvernig málin standa varðandi umsókn um fjölgun nemenda og 5. bekk í BSK Hafnarfirði.

4. Ætlum að þjóða bæjarstjóranum í heimsókn í skólahúsnaðið, ásamt formanni fræðsluráðs og fræðslustjóra.

5. Önnur mál.

Tillaga um að Foreldrafélagið kaupi einhver hljóðfæri til að hægt sé að þjóða upp á Forskóla Tónlistaskólans í skólanum ef næg þátttaka næst (amk 10 börn). Ath hvort Hjallastefnan er tilbúin til að koma á móts við okkur og kaupa einhver hljóðfæri.

Fundi slitið.

Fundur Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

5. mars 2012

Mættir: Ásta, Ragga, Jökull, Hilla, Nína, Sirrý, Úlfur og Arna.

Dagskrá

1. Umræður um fjölgun í skólanum
2. Fjáraflanir
3. Forskóli Tónlistaskólans

1. Umræður um hvað við getum gert til að styðja við umsókn Hjallastefnunnar um fjölgun skólaplássna og 5. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.

2. Senda ítrekunarpóst á alla foreldra og minna á skráningar á Atlantsolíulykli og reikning Endurvinnslunnar.

Heyra í Atlantsolíumönnum og vita hvernig gegnur að safna lykllum.

3. Tíu nemendur þurfa lágmark að vera í Forskóla Tónlistaskólans til að kennari komi í skólann næsta vetur. Láta alla foreldra sex ára barna (verðandi 7 ára barna næsta haust) vita til að af því geti orðið næsta haust.

Fundi slitið.

Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

Fundagerð 6. september 2011

Mætt til fundarins eru:

Þórhildur Höskuldsdóttir, Arna Friðriksdóttir, Úlfur Grönvold og Ragnhildur Aðalsteinsdóttir.

Dagskrá:

1. Fjáröflun / skólagjöld / vorferð
 2. Ráðstöfun foreldrasjóðs
 3. Dagsetning aðalfundar
 4. Annað
1. Rætt var um leiðir til fjáröflunar bæði fyrir vorferð og vegna skólagjalda. Ákveðið var að athuga hvort möguleiki væri á áframhaldandi skúringum foreldra við skólann og láta þá foreldra allra barna taka þátt. Aðrar hugmyndir voru bensínkort olíufélaganna, dósasöfnun, basar, frjáls framlög í inngangseyri á söngleiki, tónleika og slíkt. Þjóða þá líka upp á að gefa fólki miða með reikningsnúmeri og kennitölu foreldrafélagsins ef fólk er ekki með pening á sér. Ætlum að skoða þessa möguleika í samstarfi við skólann.
 2. Foreldrasjóður á töluvert af peningum í sjóði frá í fyrra og ákveðið var að spyrja Söru Dögg hvað skólann vantaði helst í gjöf frá foreldrafélaginu.
 3. Ákveðið var að halda aðalfund þegar húsnæði Barnaskólans væri tilbúið og fá að hafa hann sama kvöld og námskynningarnar.
 4. Ákveðið var að boða Söru Dögg á næsta fund.
 5. Fundi slitið

Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

Fundagerð 13. september 2011

Mætt til fundarins eru: Þórhildur Höskuldsdóttir, Arna Friðriksdóttir, Úlfur Grönvold, Ragnhildur Aðalsteinsdóttir og Sara Dögg skólastjóri sem var boðuð sérstaklega.

Dagskrá:

1. Fjáröflun / vorferð
2. Skólagjöld
3. Ráðstöfun foreldrasjóðs
4. Kosning í skólaráð og foreldraráð Hafnarfjarðar
5. Kosning gjaldkera

6. Áætlaðir flutningar í skólahúsnæði
 7. Breyting skóladagatala
 8. Boðun aðalfundar
 9. Ný kennitala fyrir foreldrafélagið
 10. Annað
1. Sara Dögg tók vel í að foreldrafélagið sæi um þrif en tjáði okkur að fyrst um sinn muni þrifþjónusta sjá um málið. Kanna þarf með hvaða hætti þetta myndi gerast, athuga hvort foreldrar eru til í þetta og búa til plan. Einnig hvaða fjárhæðir eru í boði fyrir þessa vinnu. Rætt var hvort löglegt væri að taka greiðslu af foreldrum fyrir vorferðalagi. Sara Dögg sagði að annað væri óhjákvæmilegt til að standa straum af kostnaði en greiðslan hafi alltaf verið rukkuð í nafni foreldrafélagsins sem er að hennar sögn löglegt. Ef foreldrafélagið og foreldrar eru duglegir að safna þá þarf kannski ekkert að rukka. Ef foreldrafélagið verður extra duglegt að safna þá fer auka upphæðin í að greiða niður skólagjöld þegar búið er að greiða vorferð. Athuga á með grindur til að safna dósum í. Svokallaðir Hjallastefnudagar eru hugmynd að fjáröflun og halda á áfram að kanna bensínkortin. Einnig halda hugmyndinni um frjáls framlög á söngleikjum og tónleikum opnum.
 2. Foreldrafélagið lýsti yfir óánægju sinni við Söru Dögg með að Hjallastefnan hafi ákveðið að rukka 12900 í skólagjöld þegar talað var um síðasta vor að upphæðin yrði aldrei hærri en 10000. Og skal það fært til bókar.
 3. Sara Dögg sagði að skólann vantaði videóupptökuvél og saumavél. Ákveðið var að verða við þessum óskum og fara í þessi kaup hið fyrsta.
 4. Arna Friðriksdóttir og Ragnhildur Aðalsteinsdóttir voru kosnar í skólaráð og foreldraráð Hafnarfjarðar.
 5. Þórhildur Höskuldsdóttir var kosinn gjaldkeri. Hún tekur við af Erlu sem hætti í foreldrafélaginu í vor enda ekki lengur með barn í skólanum.
 6. Sara Dögg upplýsti að samkvæmt öllu ætti starfið að geta hafist í nýja skólahúsnæðinu mánudaginn 3. október. Hún fór þess á leit við foreldrafélagið hvort hægt væri að auglýsa eftir fólki til að taka þátt í þrifum. Við munum senda út póst þess efnis.
 7. Sara Dögg upplýsti að Fræðslufulltrúi bæjarins hefði haft samband og sagt að skóli sé ekki löglegur þegar hann er ekki í ákveðnu húsnæði. Breyta þarf því skóladagatali og setja skólann á ný þann 3. október 2011. Leita þarf samþykkis allra foreldra fyrir breytingunni sem og til skólaráðs.
 8. Sara samþykkti að aðalfundur yrði sama dag og námskynningarnar. Hún lætur okkur vita í tíma hvenær þær verða svo við getum boðað fundinn í tíma.
 9. Foreldrafélag Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði hefur til þessa starfað undir kennitölu Foreldrafélags leikskólans Hjalla. Ákveðið var að við skildum nú sækja um okkar eigin kennitölu.
 10. Fundi slitið.

Aðalfundur Foreldrafélags Barnaskóla

Hjallastefnunnar v/Hjallabraut 4. október 2011.

Úr stjórn foreldrafélagsins voru mættir: Arna Friðriksdóttir, Þórhildur Höskuldsdóttir og Ragnhildur Aðalsteinsdóttir.

Forföll: Úlfur Grönvold

Dagskrá:

1. Gjaldkeri fer yfir árskýrslu og les rekstaryfirlit.
2. Kosning stjórnar.
3. Umræða um fjáraflanir.
4. Önnur mál.

1. Þórhildur gjaldkeri fór yfir starfsemi síðasta árs og las rekstaryfirlit. Foreldrafélagið hélt jólaföndur á síðasta ári, keypti jólaleikrit og sá um niðurgreiðslu til foreldra fyrir bekkjaljósmyndir. Einnig voru skólanum gefnar innrammaðar bekkjarmyndir við skólaslit og foreldrafélagið sá um grillveislu og fékk Haffa Haff til að skemmta að sama tilefni. Keyptar voru fjórar videóupptökuvélar sem gefnar voru hverjum kjarna.

Rekstaryfirlit foreldrafélagsins 2010-2100

Skýring	Innborganir	Útborganir
Upphafsstaða	183,426	
Innborganir foreldra í foreldrasjóð	335,580	
Vextir - fjármagnstekjuskattur	4,423	
Aðalfundur 2009 (kaffi, gos, konfekt)		3,847
Jólaföndur (föndurefni +kakó, piparkökur)		22,024
Jólaleikrit		23,000
Ljósmyndir (niðurgreiðsla til foreldra)		134,000
Skólaslit (grillveisla+skemmtiatriði)		71,893
Fjórar videócamerur		67,052
	<hr/>	<hr/>
	523,429	321,816
	<hr/>	<hr/>
Afgangur	201,613	
	<hr/>	
Inneign á banka 02.10.2011	264,173	

2. Kosning stjórnar. Í félaginu hættu Andrés Andrésson, Erla Kristinsdóttir og Sigurveig Birgisdóttir enda ekki lengur með börn í skólanum. Arna Friðriksdóttir (8 ára stúlkur), Þórhildur Höskuldsdóttir (6 ára drengir), Ragnhildur Aðalsteinsdóttir (8 ára drengir) og Úlfur Grönvold (7 ára drengir) gáfu öll kost á sér áfram. Ný inn í stjórn voru kosin Berglind Jónsdóttir (6 ára stúlkur), Hjördís Sævarsdóttir (6 ára drengir), Jónína Snorradóttir (7 ára drengir), Sigríður Arnardóttir (8 ára stúlkur) og Óðinn (9 ára stúlkur). Enn vantar fulltrúa fyrir 7 ára stúlkur og 9 ára drengi.

3. Rætt var um áhuga foreldra á fjáröflunum fyrir skólaferðalag og skólagjöld. Í haust var aftur byrjað að rukka foreldra fyrir tveggja náttu skólaferðalögin sem farin eru á vorin. Foreldrar tóku vel í fjáraflanir að einhverju tagi, t.d. dósasöfnun, kortagerð og útgáfu skólablaðs. Foreldrar voru minna hrifnir af skúringum við skólann, nema það gæfi þeim mun meiri tekjur, og því að rukka inn á tónlistaupþákomur í skólanum. Skoða má frjáls framlög ef verður stór skemmtun líkt og Söngvaseiður og Grease í fyrra.

4. Önnur mál. Rætt var um skólagjöldin sem komið var á vegna nýs húsnæðis og þeirrar staðreyndar að Hafnarfjarðarbær hefur hætt að taka þátt í húsnæðiskostnaði við skólann og borgar aðeins 75% framlag með hverju barni í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði. Mörgum finnst ósanngjarnt að bærinn mismuni börnum í sveitarfélaginu með þessum hætti því ljóst er að sumir foreldrar eiga ekki kost á því að nýta þennan valmöguleika vegna þessa aukakostnaðar.

Tillaga kom frá foreldri að færa starfsfólki skólans gjöf í tilefni af nýju skólahúsnæði og vegna óbilandi þrautseigu við að láta skólastarfið ganga eins snuðrulaust og hægt hefur verið þessar fyrstu vikur skólaársins við óvenjulegar aðstæður. Var sú tillaga samþykkt einróma.

Fundi slitið.

Fundur Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar v/Hjallabraut 2. nóvember 2011

Mættir: Hjördís, Arna, Helga, Sigríður, Þórhildur, Jónína, Ragga og Úlfur.

Boðuð forföll: Berglind, Ásta og Jökull Pálmar.

Auglýst var eftir fleiri fulltrúum til að vera í foreldrafélaginu. Ásta Kristjánsdóttir (7 ára stúlkur), Jökull Pálmar Jónsson (9 ára drengir) og Helga Jóhanna Úlfarsdóttir (6 ára drengir) buðu sig fram og eru boðin velkomin í félagið.

Arna Friðriksdóttir var kosin formaður til eins árs.

Þórhildur gjaldkeri sagði að nú væru 238 326 krónur í sjóðnum en foreldrafélagið keypti veitingar við setningu skólans í nýju húsnæði og þegar aðalfundurinn fór fram. Ákveðið hefur verið að kaupa 2 saumavélar fyrir skólann en enn er beðið eftir óskum um tegund véla frá kennurum.

Þórhildur upplýsti að ef foreldrar tækju að sér þrif í skólanum þá þyrftu forráðamenn hvers barns að skúra ca einu sinni eða tvisvar yfir árið. Heildartekjur yfir árið væru í kringum 760 þúsund krónur.

Arna hefur kynnt sér reglur varðandi skólaferðalög. Lögum samkvæmt þá má rukka foreldra um gistingu og upphald en það má ekki rukka foreldra um rútu, laun kennara og um annan kostnað. Kanna þarf hve mikill kostnaðurinn er sem ekki má rukka foreldra fyrir og reyna að safna fyrir mismuninum.

Rætt var um fjáraflanir. Athuga á hvort foreldrafélagið geti opnað reikning í Sorpu þannig að foreldrar geti farið með dósir og flöskur þangað og lagt beint inn á söfnunarsjóð foreldrafélagsins. Hilla og Úlfur ætla að skoða málið.

Athuga á hvort gefa á út skólablað og tækifæriskort til að hafa til sölu. Arna athugar.

Athuga á hvort hægt sé að gera samning við olúfélag um að tengja kort við söfnun. Ragnhildur á í viðræðum við Atlandsólú og Arna við Olís.

Þórhildur upplýsti fundarmenn um kennitölu foreldrafélagsins en hingað til hefur foreldrafélagið starfað undir kennitölu foreldrafélags leikskólans Hjalla. Nýja kennitalan er: 711011-2180.

Rætt var um jólaleikritið sem hefur verið það sama í mörg ár og hvort ekki væri sniðugð að skipta um leikrit. Hilla spurði Söru Dögg hvers vegna svo væri sem svaraði að þetta væri hjallískt og gegni út á að börnin fengju að upplifa það sama aftur og aftur á mismunandi aldurs skeiðum. Ákveðið var að fresta því að finna annað leikrit og halda áfram með Jól í tösku.

Ákveðið var að halda jólaföndur miðvikudaginn 7. desember kl. 17. Þar verður málað á piparkökur og boðið upp á sykurskerta kókómjól, kaffi og konfekt. Hjördís ætlar að kaupa matarlit og flórsykur. Jónína ætlar að ath. með ódýra pensla. Annars notum við tannstöngla. Þórhildur ætlar að kaupa 800 piparkökur til að mála á. Athuga á Stórkaup og Kost og það að kaupa beint af mjólkursamsölunni. Finna þarf út hvar við höfum fengið konfekt á góðu verði.

Bent á að gjaldkeri skrifi við nóturnar hvort nóg hafi verið keypt að aðföngum.

Athuga á með að halda fyrirlestra fyrir foreldra eftir jól – athuga hvort eitthvað ódýrt er í boði. Einhver benti á að Magga Pála hafi verið að gefa út bók.

Rætt um foreldrarölt og Jónína ætlar að kanna Facebook-síðuna.

Fundi slitið.

Aðalfundur Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar v/Hjallabraut 24. September 2010.

Úr stjórn foreldrafélagsins voru mættir: Andrés Andrésón formaður, Erla Kristinsdóttir gjaldkeri, Arna Friðriksdóttir, Þórhildur Höskuldsdóttir og Ragnhildur Aðalsteinsdóttir.

Aðrir sem mættu: Sara Dögg Jónsdóttir skólastjóri, Pálmar Sigurðsson (Hópbílum) og Guðmundur Ragnar Ólafsson (innkaupastjóri Hafnarfjarðarbæjar) frá Frístundabílum og 25 foreldrar.

Dagskrá:

1. Formaður les ársskýrsla.
 2. Gjaldkeri les rekstaryfirlit.
 3. Kosning stjórnar.
 4. Frístundarbíllinn kynntur.
 5. Sara Dögg tekur til máls.
 6. Önnur mál.
-
1. Arndrés Andrésón formaður fór yfir ársskýrslu félagsins og fór yfir starfsemi síðasta árs. Foreldrafélagið keypti þrjár tölvur fyrir skólann á síðasta ári, hélt jólaföndur, keypti jólaleikrit og sá um niðurgreiðslu til foreldra fyrir bekkjaljósmyndir. Einnig voru skólanum gefnar innrammaðar bekkjarmyndir við skólaslit og foreldrafélagið sá um grillveislu og keypti töframan að sama tilefni.
 2. Erla Kristinsdóttir gjaldkeri las rekstaryfirlit Foreldrafélagsins.

Skýring	Innborganir	Útborganir
Upphafsstaða	333,772	
Innborganir foreldra í foreldrasjóð	341,360	
Vextir - fjármagnstekjuskattur	32,319	
Aðalfundur 2009 (kaffi, gos, konfekt)		3,668
Tölvur fyrir Barnaskólann		314,737
Jólaföndur (föndurefni +kakó, piparkökur)		27,596
Jólaleikrit		22,000
Ljósmyndir (niðurgreiðsla til foreldra)		83,000
Ljómyndir gjöf til skóla		5,329
Skólaslit (grillveisla+töframaður)		67,695
	<hr/>	<hr/>
	707,451	524,025

Afgangur	<u>183,426</u>
Inneign á banka 7.9.2010	183,426
	<u>0</u>
	<u>183,426</u>

3. Kosning stjórnar. Í félaginu hættu Hildur S. Jónsdóttir og Sigríður Elín Elnudóttir. Andrés Andrésson (9 ára drengir), Erla Kristinsdóttir (9 ára stúlkur), Arna Friðriksdóttir (7 ára stúlkur), Þórhildur Höskuldsdóttir (8 ára stúlkur) og Ragnhildur Aðalsteinsdóttir (7 ára drengir) gáfu öll kost á sér áfram. Nýir inn í stjórn voru kosin Úlfur Grönvold (6 ára drengir) og Sirgurveig Birgisdóttir (6 ára stúlkur). Enn vantar fulltrúa í foreldrafélagið fyrir hönd 8 ára drengja.
4. Frístundarbíllinn kynntur. Pálmar Sigurðsson frá Hópbílum og Guðmundur Ragnar Ólafsson innkaupastjóri Hafnarfjarðarbæjar kynntu starfsemi Frístundarbílsins sem rekinn er af Hópbílum í samstarfi við nokkur fyrirtæki. Fram kom m.a. að í hverjum bíl er starfskraftur, auk bílstjóra, sem sér um að allir séu spenntir áður en ekið er af stað, að krakkarnir fari út á réttum stað og að allt fari vel fram í rútunni, kemur í veg fyrir stríðni og þess háttar. Frekari upplýsingar eru á heimasíðunni www.fristundabillinn.is.
5. Sara Dögg Jónsdóttir skólastjóri ræddi um skólaferðalagið en á fundi Hjallastefnunnar í vor var ákveðið að öll börn í Barnaskólum Hjallastefnunnar skulir fara í tveggja náttu ferðir á vori hverju. Samræma á milli skóla hvert verður farið og munu öll 8 og 9 ára börn fara á sama stað. Öll 6 og 7 ára börn munu fara á stað sem er nær höfuðborginni. Sú nýbreytni verður tekin upp að foreldrar þurfa ekki að greiða fyrir þessi ferðalög heldur verða þau fjármögguð með fjáröflunum. Hafin er framleiðsla á kortum bæði jólakortum og tækifæriskortum og mun hvert barn teikna mynd á kort sem prentað verður í nokkru upplagi til sölu. Aftan á kortin kemur fram nafn og aldur þess sem teiknaði. Einnig á aftur að ráðast í gerð skólablaðs sem selt verður til fjáröflunnar. Sú hugmynd kom upp að þiggja frjáls framlög inn á tónleika barnanna sem haldnir í lok tónlistarlotunnar með Hildi og Heiðu. Það verður skoðað. Fleiri hugmyndir eru vel þegnar.
6. Sara ræddi einnig um Grænfána-verkefnið en skólinn stefnir ótrauður að þeim áfanga að flagga honum hið fyrsta. Til þess að svo megi vera þarf fulltrúa foreldra í Grænfánanefnd skólans og Guðrún Magnea var kosinn til þessa verkefnis.
7. Í önnur mál var spurt hvort möguleiki væri á að Forskóli Tónlistarskólans í Hafnarfirði kæmi inn í skólann. Sara sagði að það væri vel athugandi af hálfu skólans og foreldrar ætla að kanna hvort vilji sé hjá Tónlistarskólanum fyrir samstarfi.
8. Fundi slitið.

Fundargerð vinnuhóps foreldra vegna 4. bekkjar

haldin þriðjudaginn 17. 02.09 kl. 18.00

Mætt til fundarins eru Unnur Gunnarsdóttir, Andrés Andrésón, Borghildur Sturludóttir, Jóney Kristjánsdóttir

Gestur G. Gestsson og Sara Dögg Jónsdóttir skólastjóri.

Gestir sagði frá því að hann hefði haft samband við Lúðvík Geirsson og Ellý Erlingsdóttir og þar hefði komið fram að Hafnarfjarðarbær væri tilbúinn til samstarfs við foreldra varðandi 4. bekk næsta vetur. Foreldrar ættu að setjast niður með Magnúsi Baldurssyni og ganga frá málinu.

Við fögnum því að komin er niðurstaða í málið og komum til með að funda með foreldrum barna í skólanum þegar niðurstaða liggur fyrir.

Fundargerð vinnuhóps foreldra vegna 4. bekkjar

haldin miðvikudaginn 20.01.09

Mætt til fundarins eru Margrét A. Birgisdóttir, Andrés Andrésón, Borghildur Sturludóttir, Jóney Kristjánsdóttir

Gestur G. Gestsson og Sara Dögg Jónsdóttir skólastjóri.

Rætt um niðurstöður úr könnun á meðal foreldra varðandi skólagjöld. Í ljós kom að flestir foreldrar eru tilbúnir að greiða kr. 2.500 í skólagjöld og til að fá að halda 1.-4. bekk á Hjallabrautinni.

Hringt var í foreldra barna sem koma til með að fara í 4 bekk næsta vetur og rætt um skólagjöld og að foreldrar tækju að sér þrífín í skólanum næsta vetur og tók fólk vel í það.

Fram kom að Bragi Ingibergsson sóknarprestur, Linda B. Hilmarsdóttir og Guðrún Jónsdóttir tóku öll vel í erindi okkar um afnot af húsnæði hjá þeim.

Ákveðið að skrifa fræðsluráði bréf þar sem foreldrafélagið ítrekar ósk sína um 4. bekk næsta vetur um leið og við bjóðum bæjarfélaginu styrk sem nemur þeim mismun sem greiddur er til almennra skóla og svo sjálfstærðra skóla.

Einnig kæmi þar fram að við værum búin að fjölga fermetrum skólans með aðstoð fyrrnefndra. Við myndum skoða það við gerð stundartöflu næsta vetur.

Gestur ætlar að setja sig í samband við Lúðvík Geirsson og Ellý Erlingsdóttir varðandi fund með þeim þar sem við afhendum þetta bréf.

Fundargerð vinnuhóps foreldra vegna 4. bekkjar

haldin mánudaginn 12.01.09

Mætt til fundarins eru Margrét A. Birgisdóttir, Andrés Andrésson, Borghildur Sturludóttir, Jóney Kristjánsdóttir

Gestur G. Gestsson og Sara Dögg Jónsdóttir skólastjóri.

Rætt um möguleika til fjármögnunar á þeim mismun sem Fræðsluráð sagði vera á milli greiðslna til almennra skóla og sjálfstæðra skóla. Hópurin var sammála um að þetta væri mál sem hægt væri að leysa, bara spurning um útfærslu.

Ákveðið að kanna á meðal foreldra hvort möguleiki er á greiðslu 2.500 kr. í skólagjöld á mán.

Einnig ræddur möguleiki á því að sækjast eftir styrkjum.

Rætt um að foreldrar tækju að sér þrífín í skólanum.

Ræða á við Braga Ingibergsson sóknarprest í Víðistaðakirkju um afnot af sal í kirkjunni, einnig Lindu B. Hilmarsdóttur framkvæmdastjóra Hress um afnot af sal hjá henni. Ræða einnig við Guðrúnu Jónsdóttur leikskólastjóra á Hjalla um afnot af sal þar.

Ákveðið að funda með Margréti Pálu og sjá hvaða möguleika Hjallastefnan sér í málinu.

Fundargerð Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar v/ Hjallabraut

Fundur haldin fimmtudaginn 30. október 2008 kl. 17.00

Mætt til fundarins eru :

Margrét A. Birgisdóttir, Erla Kristinsdóttir, Jóney Kristjánsdóttir, Hrefna Kap Gunnarsdóttir og Sara Dögg Jónsdóttir skólastjóri sem var sérstaklega boðuð.

Dagskrá:

1. Bréf til fræðsluáðs Hafnarfjarðarbæjar
2. Önnur mál.

1. Greint var frá því að Borghildur Sturludóttir og Hannes Pétursson áttu þann 27. október fund með Ellý Erlingsdóttur formanni fræðsluráðs og Vigfúsi Hallgrímssyni þróunarfulltrúa grunnskóla og ræddu áframhaldandi starf skólans og 4. bekk næsta vetur.

Óskað var eftir formlegu erindi þar sem farið er fram á 4. bekk næsta vetur fyrir fund fræðsluráðs mánudaginn 3. nóvember.

Jóney setji saman bréf og sendi á aðra stjórnarmeðlimi til samþykktar.

2. Ákveðið að vera með aðventukvöld í skólanum með jólaföndri, piparkökum og kakó miðvikudaginn 17. desember milli 17.00 – 19.00.

Niðurstaða úr könnun um skólaferðalag kynnt.

Græni kjarni	9 já	1 nei
Guli kjarni	6 já	
Blái kjarni	11 já	2 nei
Rauði kjarni	8 já	
Samtals:	34 já	3 nei

Það verður því farið að vinna að skólaferðalagi með svipuðu sniði og verið hefur. Stefnt er af því að byrjað verði að innheimta fyrir það á greiðsluseðlum í desember og verði dreift á greiðsluseðla til vors eins og í fyrra.

Fundi slitið kl. 18.20

Jóney Kristjánsdóttir fundarritari.

Fundargerð Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar v/ Hjallabraut

Fundur haldin mánudaginn 6. október 2008 kl. 20.30

Mætt til fundarins eru :

Margrét A. Birgisdóttir, Erla Kristinsdóttir, Jóney Kristjánsdóttir, Andrés Andrésón, Unnur Gunnarsdóttir og Eva Hlín Gunnarsdóttir.

Stjórnin skipti með sér verkum og verður skipuð svona:

Margrét A. Birgisdóttir formaður
Erla Kristinsdóttir gjaldkeri
Jóney Kristjánsdóttir ritari
Andrés Andrésón meðstjórnandi
Unnur Gunnarsdóttir meðstjórnandi
Eva Hlín Gunnarsdóttir meðstjórnandi
Hrefna Kap Gunnarsdóttir meðstjórnandi.

Unnur Gunnarsdóttir fulltrúi stjórnar í skólanefnd Hjallastefnunnar.
Jóney Kristjánsdóttir fulltrúi stjórnar í foreldraráði Hafnarfjarðar.

Rætt var um að koma strax á nefnd sem ræða á við Fræðsluráð Hafnarfjarðarbæjar um 4. bekk næsta vetur.

Ákveðið að vera með könnun sem framkvæma á í foreldrakaffi 8 ára barna þar sem spurt verður um um það hvort barnið kemur til með að stunda nám í fjórða bekk standi það til boða.

Rætt um starf vetrarins og tekin ákvörðun um að þar sem skólinn hefur ákveðið að vera með tvö bekkjarkvöld í vetur þá komi foreldrafélagið ekki til með að bæta neitt við það. Ákveðið að ræða við Söru Dögg skólastjóra um að foreldrafélagið skaffaði frekar veitingar á bekkjarkvöldunum.

Ákveðið að gera könnun á meðal foreldra varðandi skólaferðalag. Á föstudag liggji frammi í fataklefum könnun sem foreldrar svari og skili blaðinu í kassa þar.

Viðruð hugmynd um að koma á svokölluðum foreldrasamningum þar sem foreldrar skrifa undir samning þar sem fram kemur t.d. ákveðin upphæð í afmælisgjafir, foreldrar fylgist með tölvunotkun barna á heimilum, útivistartími sé virtur osfrv. Hugmyndir verði skoðaðar og farið yfir málið á næsta fundi.

Mikill áhugi er fyrir því að fá Margréti Pálu til að vera með fyrirlestur um allt sem viðkemur Hjallastefnunni, hugmyndafræðina, jafnréttismálin ofl. Gaman ef foreldrar mættu taka með sér gesti. Jóney ræði við Söru Dögg um þetta mál.

Ákveðið að fundir foreldrafélagsins verði kl. 11.00 á laugardagsmorgnum í vetur.

Fundi slitið kl. 21.50
Jóney Kristjánsdóttir fundarritari.

Fundargerð Aðalfundar Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar v/ Hjallabraut

Fundur haldin fimmtudaginn 18. september 2008 kl. 20.30 í húsnæði skólans.
Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Félagsgjöld ákveðin
4. Skólaferðalag
5. Stjórnarkjör
6. Önnur mál

Áður en fundur var formlega settur Ræddi Margrét Pála Ólafsdóttir um áframhaldandi starf skólans. Hún skýrði frá því að búið væri að taka grunninn fyrir nýjan skóla Hjallastefnunnar á Bjarkarvöllum og á starf að hefjast þar haustið 2009. Fram kom að foreldrar hafa mikinn áhuga fyrir því að fá fjórða bekk næsta vetur á Hjallabrautina.
Voru skemmtilegar umræður um þessi málefni.

Borghildur Sturludóttir formaður fór með skýrslu stjórnar þar sem hún fór yfir starf vetrarins.

Marinella Haraldsdóttir gjaldkeri fór svo yfir reikninga félagsins og lagði þá fram til samþykktar.

Ákveðið var að hafa félagsgjöld óbreytt.

Umræður voru um skólaferðalag og var ákveðið að gera könnun á meðal foreldra um það hvort fara ætti í skólaferðalag eða ekki.

Eftirtalin gáfu kost á sér í stjórn næsta vetur.

Andrés Andrésson faðir Orra Geirs á gula kjarna
Margrét A. Birgisdóttir móðir Írisar á gula kjarna
Erla Kristinsdóttir móðir Sólrúnar Soffiu á bláa kjarna
Unnur Gunnarsdóttir móðir Stellu og Jóney Kristjánsdóttir móðir Steinars Inga gáfu kost á sér áfram.

Sara Dögg skólastjóri ætlar að finna fleira gott fólk með okkur í stjórnina.
Fundu slitið kl. 21.40

Jóney Kristjánsdóttir fundarritari.

Fundargerð Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar v/ Hjallabraut

Fundur haldin fimmtudaginn 4. september 2008 kl. 16.30

Mættar til fundarins eru :

Borghildur S. Sturludóttir, Jóney Kristjánsdóttir og Sara Dögg Jónsdóttir.

Dagskrá.

1. Dagskrá og fundartími fyrir aðalfund
2. Fjármál foreldrafélagsins(uppgjör) hugsanleg hækkun á gjaldi
3. Skólaferðalagið og framtíð þess, hvernig það verður kynnt á aðalfundi
4. Dagskrá félagsins sl. vetur
5. Framtíð skólans á Hjallabraut / Völlum
6. Önnur mál

Ákveðið að halda aðalfund fimmtudagskvöldið 18. September kl. 20.30

Marinella og Jóney setji saman skýrslu yfir fjármálin

Kanna hug foreldra til skólaferðalags á aðalfundinum og ákveða framhaldið í ljósi þeirra niðurstaða.

Dagskrá næsta veturs verði í höndum nýrrar stjórnar, koma kannski að bekkjarkvöldum skólans.

Ný stjórn fari strax í að vinna að áframhaldandi starfi fyrir næsta vetur. Kosin verði nefnd sem fari í viðræður við bæjaryfirvöld.

Ákveðið að halda sig við það að sá sjóður sem safnast hefur hjá foreldrafélaginu verði notaður í að kaupa 2 tölvur og saumavél fyrir skólann.

Fundarritari
Jóney Kristjánsdóttir.

Fundargerð Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar v/ Hjallabraut

Fundur haldinn fimmtudaginn 11. mars 2008 kl. 16.00 í húsnæði Barnaskólans við Hjallabraut.

Mættar til fundarins voru:

Borghildur S. Sturludóttir, Jóney Kristjánsdóttir, Erla Ruth Harðardóttir, Marinella R. Haraldsdóttir og Sara Dögg Jónsdóttir skólastjóri.

Dagskrá.

1. Næsta skólaár – áfram árgangur 2000, húsnæðismál ofl..
 2. Kynning á skólanum fyrir foreldra nýrra nemenda – fulltrúi foreldrafélags
 3. Skólaferðalag
 4. Útskriftarhátíð – skólaslit
 5. Peninga og reikningsmál
 - 6 Önnur mál
-
1. Næsta skólaár - Sara Dögg greindi frá því að hún væri búin að fá svar frá bæjaryfirvöldum varðandi áframhaldandi skólagöngu árgangs 2000. Er búið að samþykkja fjárveitingu fyrir því að hægt verði að bæta við einu húsi við endann á ganginum nær Hjalla. Hún skýrði einnig frá því að þar sem svar væri komið væri hún farin að skipuleggja starfið næsta vetur. Allir núverandi kennarar kæmu til með að halda áfram en það þarf þó að bæta við kennurum.
 2. Kynning - Umræður voru um að stjórn foreldrafélagsins sendi fulltrúa á kynningarfund fyrir foreldra nýrra nemenda sem haldinn verður í maí. Þar gæti sá fulltrúi farið yfir starf foreldrafélagsins og samstarf við skólann.
 3. Skólaferðalag - Rætt var um hvernig standa skuli að kynningu skólaferðalags en miklar umræður hafa verið í vetur um það mál. Ákveðið að þegar auglýstur verður aðalfundur foreldrafélagsins í haust verður á dagskránni að ræða eigi um skólaferðalag. Þar geta allir komið sínu sjónarmiði á framfæri og síðan verði atkvæðagreiðsla um málið. Niðurstaðan af þeim fundi standi.

4. Útskrift – Ákveðið að halda ekki vorhátíð með leikskólanum Hjalla heldur vera með okkar eigin vorhátíð eftir útskriftina þann 5. júní. Þar sem grillaðar verða pylsur ofl.
5. PeningamáFarið yfir reikninga og hugað að komandi útgjöldum. Skoða á hvort foreldrafélagið geti fært skólanum gjöf þar sem ekki er ástæða til að safna upp sjóð hjá félaginu.
6. Önnur mál - Halda á sumarbingó þann kringum sumardaginn fyrsta þar sem nemendur mæta með foreldra / forráðamenn og systkini og allir fari heim með smáglaðning.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari

Jóney Kristjánsdóttir

Fundur haldinn fimmtudaginn 17. janúar 2008 kl. 21.00

Mættar til fundarins eru :

Marinella R. Haraldsdóttir, Unnur Ó. Gunnarsdóttir, Borghildur S. Sturludóttir og Jóney Kristjánsdóttir.

Dagskrá.

1. Fundur með skólanefnd.
2. Spilakvöld
3. Önnur mál

1. Borghildur og Jóney greindu frá fundi sem þær sátu ásamt Söru Dögg skólastjóra og Margréti Pálu með Skólanefnd Hafnarfjarðar. Þar kom fram að mikill vilji er fyrir áframhaldandi starfi í skólanum. Varðandi það að hægt verði að bjóða upp á þriðja bekk næsta vetur þá sé það skólans að leysa húsnæðismálin innanhúss hjá sér. Eins og staðan sé núna sjái bæjaryfirvöld ekki að hægt sé að bæta við fleiri húsum.

Foreldrafélagið ætlar að fylgjast vel með framvindu mála.

Fram hefur komið að foreldrar barna í 7. ára bekk hafa mikinn áhuga fyrir því að börnin haldi áfram í skólanum næsta vetur.

2. Ákveðið að halda spilakvöld fimmtudaginn 31. janúar frá kl. 18-20.

Senda þarf tölvupóst á foreldra þar sem þetta er kynnt og hengja svo upp auglýsingu í andyri skólans. Hugmyndin er að börnin mæti með foreldra / forráðamenn og spilin sín og svo bjóði

foreldrafélagið upp á pizzur og djús.

3. Önnur mál.

Rætt um umræðu sem skapaðist í kringum fyrirhugað skólaferðalag sem fara á 7.-9. maí.

Skólaferðalagið var rætt á fundi sem haldinn var á vegum skólans í haust og þeir foreldrar sem þar voru samþykktu að ferðin yrði farin.

Ferðin verði farin eins og áður var skipulagt en að næsta vetur verði gerð skrifleg könnun á meðal foreldra um skólaferðalag.

Umræða var um hámarkshraða á Hjallabrautinni fyrir framan skólann og hefur það verið rætt á meðal foreldra að lækka þurfi hraðann í 30 þar börn á leið í tvo skóla fara þar yfir.

Foreldri barna í Barnaskólanum hefur verið í sambandi við Umhverfissvið bæjarins varðandi þetta mál.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari

Jóney Kristjánsdóttir

Fundargerð Foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar v/ Hjallabraut

Fundur haldinn miðvikudaginn 7. nóvember 2007 kl. 20.30

Mættar:

Marinella R. Haraldsdóttir, Unnur Gunnarsdóttir, Borghildur S. Sturludóttir og Jóney Kristjánsdóttir.

Engin dagskrá lá fyrir fundinum en eftirfarandi málefni voru rædd.

Unnur greindi frá sameiginlegum fundi Barnaskóla Hjallastefnunnar sem hún og Sara Dögg Jónsdóttir skólastjóri sátu fyrr um daginn. Þar voru rædd þau málefni sem snúa að skólunum öllum og var mikil umræða um rekstur skólanna á þessum fundi.

Rætt var um bréf sem senda á út til að kanna hug foreldra til skólaferðalags og hvernig haga skuli innheimtu gjalda fyrir það. Hugmyndin er að innheimta gjaldið með foreldrasjóðnum á greiðsluseðlunum kr. 3.000 frá 1. des. Ákveðið að senda bréfið á foreldra í tölvupósti til þeirra sem hafa gefið upp netfang, aðrir fái bréfið í pósti.

Nefnt var hvort ekki væri ástæða til að senda út könnun á meðal foreldra varðandi áframhaldandi nám í barnaskólanum. Ákveðið að ræða þetta við Söru Dögg og kennarana um hvort ekki mætti kanna þetta í foreldraviðtölunum næstu tvo laugardaga.

Ákveðið að vera með spilakvöld í skólanum fimmtudaginn 17. janúar þar sem börnin mæta með foreldrana og sín eigin spil. Foreldrafélagið sjái um veitingar. Einnig rætt um að vera með páskabingó í mars.

Mikil og jákvæð umræða um sumarskólann þar sem foreldrar hafa list yfir mikilli ánægju með fyrirkomulag og dagskrá hans. Var það jafnvel svo að börnin voru ekkert of hrifin af að þurfa að fara í sumarfrí og missa að dagskránni.

Áveðið að halda næsta fund þegar búið væri að kanna hug foreldra til áframhaldandi náms og innheimtu gjalda fyrir skólaferðalag.

Foreldraráðsfundur 18. október 2007

Fyrsti fundur foreldraráðs Barnaskóla Hjallastefnunnar, Hjallabrautareining fór fram þann 18. október sl. Fundinn sátu Borghildur Sturludóttir, Erla Ruth Harðardóttir, Jóney Kristjánsdóttir, Marinella R. Haraldsdóttir og Unnur Ólöf Gunnarsdóttir.

Byrjað var á því að ráða niður í embætti ráðsins. Ákveðið var að:

Embætti	Nafn	Sími	Netfang
Formaður	Borghildur Sturludóttir	845-5722	borghildur@arkitekt.is
Gjaldkeri	Marinella R. Haraldsdóttir	898-9686	marinella@simnet.is
Ritari	Erla Ruth Harðardóttir	861-6722	erlaruth@mac.com
Meðstjórnendur	Jóney Kristjánsdóttir	867-2812	joney@mmedia.is
	Unnur Ólöf Gunnarsdóttir	867-6086	unnur@hafell.is
Foreldraráð Hafnarfjarðar	Unnur Ólöf Gunnarsdóttir	867-6086	unnur@hafell.is
Skólanefnd Barnaskóla Hjallastefnunnar	Jóney Kristjánsdóttir	867-2812	joney@mmedia.is

Vorferðalag barnanna var rætt og var ákveðið að senda út bréf til foreldra til að kanna hvaða börn skulu taka þátt í ferðinni og hvernig forráðamenn vilji haga til greiðslum vegna hennar.

Borghildur ætlaði að athuga það að fá netfang fyrir foreldraráðið hjá Söru, skólastjóra, til að einfalda boðleiðir milli foreldraráðsins og foreldra.

Þar sem Barnaskóli Hjallastefnunnar, Hjallabrautareining (BSHH), er nú orðin sjálfstæður skóli Hafnarfjarðarbæjar fannst foreldraráði að skólinn hefði fulltrúa í foreldraráði Hafnarfjarðarbæjar. Þar sitja fulltrúar foreldraráða allra grunnskóla Hafnarfjarðar. Unnur ætlar að vera fulltrúi BSHH í foreldraráði Hafnarfjarðar og ætlaði að athuga hvenær fundir eru?????????.

Skólanefnd Barnaskóla Hjallastefnunnar (BSH) hefur verið starfandi síðustu ár. Í nefndinni hafa verið fulltrúar frá foreldraráði BSH á Vífilstöðum, fulltrúi kennara og fulltrúi skólastjórnenda ásamt óháður aðila?????????. Þar sem BSHH er nú sjálfstæð eining skal fulltrúi foreldraráðs við Hjallabraut einnig eiga sæti í skólanefndinni ásamt fulltrúa frá kennurum við Hjallabraut. Jóney ælar að vera fulltrúi BSHH í skólanefnd BSH. Foreldraráðið taldi sig eigna rétt á að hafa fleiri en einn fulltrúa sökum nemendafjölda og ætlar foreldraráðið að athuga það betur í samráði við Söru.

Rætt var um að halda bekkjarkvöld fyrir bæði börn og fjöldskyldur þeirra í nóvember sem yrði hluti af fjáröflun fyrir vorferðalag barnanna í maí.

Foreldraráðið ætlar að hafa næsta fund á næstu 2 vikum?????.

Foreldrafélag Barnaskóla Hjallastefnunnar, Hjallabrautareining